

## 5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2008-2009,

haldinn í fundaraðstöðu að Garðarsbraut 5 á Húsavík, 4. nóvember 2008, kl.13:00.

Mættir: Formaður, Björn Ingimarsson setti fund og stjórnaði honum, Sigurgeir Höskuldsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Haraldur Bóasson, Birna Björnsdóttir og Guðmundur Guðmundsson.

Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson sem ritaði fundargerð. Einnig kom Gunnar Jóhannesson inn á fundinn þegar rætt var um SnowMagic verkefnið.

### 1. Vaxtarsamningur Norðausturlands (VN)

Rædd var staða vaxtarsamningsins. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Töluvert vantar upp á það sem áætlanir gerðu ráð fyrir í verkefnatengdum framlögum og framlögum frá fyrirtækjum og stofnunum, og við núverandi ástand er óvissa um það.

Fyrir liggur að Mývatnsstofa ehf taki yfir Snow Magic verkefnið og rætt var hvort og hvernig AP eigi að komi að því héðan í frá. Stjórnin samþykkir um að frá og með næstu áramótum beri AP ekki fjárhagslega ábyrgð á verkefninu en geti komið áfram að því með öðrum hætti.

Framkvæmdastjóri gerði stutta grein fyrir nýjum umsóknum og viðbótum sem borist hafa frá síðasta fundi. Í ljósi stöðu fjármögnunar ákveður stjórnin að ekki verði úthlutað frekar á árinu.

Úthlutað var á grundvelli fyrirliggjandi áætlunar vaxtarsamningsins og eftirtalin verkefni hlutu styrk:

Verkefni	Upphæð
GEBRIS	5.000.000
Snow Magic	2.000.000
Stefnumótun í ferðaþjónustu	9.000.000
Norðausturland.is kynningarmál	3.000.000
Þingeyyska Matarbúrið	3.500.000
Ýmis smærri verkefni	1.900.000
<b>Samtals</b>	<b>24.400.000</b>

### 2. Þingmál til umsagnar

Lögð fram til kynningar

### 3. Staðfesting rekstraráætlunar 2008

Rekstraráætlun 2008 var endurskoðuð og staðfest.

Heildartekjur eru 89.087 þús., rekstrarkostnaður 87.201 þús., fjármagnsliðir og afskriftir 1.350 þús. og rekstrarafgangur 536 þús.

### 4. Önnur mál

- Haustfundur starfsmanna þróunarfélaga 29. október sl.
- Klasatorg 30. október sl. sjá glærur á <http://vaxtarsamningur.is>
- Tekjugreining AP 2000-2007.
- Stjórnin lýsir ánægju með fund sem fram fór í morgun með fulltrúum Byggðastofnunar.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn á Raufarhöfn, mánudaginn 8. desember kl. 10:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35